

Starfsábyrgðartrygging sjálfstætt starfandi lækna

Skilmálar nr. SA-20

Í skilmála þessum merkir hugtakið „félagið“ Vörður tryggingar hf.

Um váttrygginguna gilda váttryggingaskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í almennum skilmálum ganga frammar ákvæðum þessara skilmála ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

1. gr. Hver er váttryggður - gildissvið váttryggingarinnar.

- 1.1 Váttryggður er sá læknir sem tiltekinn er á váttryggingaskírteini eða endurnýjunarkvittun
- 1.2 Váttryggt er gegn bótaskyldu er fellur á váttryggingartaka sem lækni þegar þriðji maður verður fyrir líkamstjóni sem rakið verður til læknisverks váttryggingartaka sjálfs eða starfsmanns hans.

2. gr. Undanskildar áhættur

- 2.1 Váttryggingin tekur ekki til ábyrgðar sem rakin verður til:
 - a) ásetnings váttryggingartaka eða starfsmanns hans,
 - b) þess að váttryggingartaki tekur á sig ábyrgð sem er víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga,
 - c) sekta eða annarra viðurlaga sem falla á váttryggingartaka eða þriðja mann,
 - d) skemmda á munum,
 - e) tjóns vegna mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar,
 - f) þess að lögvernduð einka- og hugverkaréttindi hafa ekki verið virt,
 - g) starfa sem unnin eru á vegum sjúkrastofnunar nema unnið sé án endurgjalds og ábyrgðin hvíli ekki á hlutaðeigandi stofnun samkvæmt gildandi réttarreglum um vinnuveitendaábyrgð,
 - h) starfsemi utan Íslands eða bótaábyrgðar sem er ríkari en eftir íslenskum reglum um skaðabótaskyldu eða ákvörðun bótafjárhæðar,
 - i) hvers konar tjóns, beins eða óbeins, sem rekja má til asbests.
- 2.2 Váttryggingin tekur ekki til ábyrgðar vegna slyss á manni eða annars líkamstjóns nema slíkt hafi orðið vegna læknismeðferðar. Váttryggingin nær ekki til skaðabótaábyrgðar vegna meðferðar sem:
 - a) fellur utan venjulegs starfssviðs lækna,
 - b) váttryggingartaki hefur ekki réttindi til að framkvæma samkvæmt lögum eða heimildum stjórnvalda,
 - c) felst í að meðferðin, þar með talið lyfjagjöf, hafi ekki þau áhrif er að var stefnt, hafi orðið dýrari en hliðstæð meðferð, reynst ónauðsynleg eða árangurslaus.
- 2.3 Váttryggingin nær ekki til tjóna sem verða vegna
 - a) lýta- og eða fegrunaraðgerða,
 - b) skemmda á erfðaeftum sjúklings,
 - c) tilrauna með lyf eða vegna klínískra tilrauna,
 - d) notkunar lyfja sem hafa þann tilgang að breyta þyngd sjúklings,
 - e) glasaftrývgana, frjósemisaðgerða eða fóstureyðinga,
 - f) notkunar á geislavirkum efnum eða vegna annarra aðferða til læknismeðferðar í rannsóknartilgangi.
- 2.4 Váttryggingin nær ekki til tjóns sem leiðir af skaðsemisábyrgð er fellur á váttrygðan.

3. gr. Váttryggingarfjárhæð

- 3.1 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks tjónsatviks (váttryggingaratburðar) takmarkast við váttryggingarfjárhæð þá sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Ábyrgð félagsins vegna allra tjónsatvika innan hvers váttryggingarárs (váttryggingartímabils) takmarkast einnig við váttryggingarfjárhæðina.
- 3.2 Félagið greiðir kostnað sem eðlilegt er að váttryggingartaki stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr váttryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti sem váttryggingartaki er dæmdur til að greiða af skaðabótakröfu sem váttryggingin tekur til.
- 3.3 Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en dæmdar skaðabætur er félaginu þó aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem því ber að greiða.

4. gr. Eigin áhætta

Af hverju tjóni ber váttryggingartaki og/eða váttryggður eigin áhættu eins og getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun.

5. gr. Tímatakmörk

- 5.1 Váttryggingin tekur til skaðabótakröfu gegn váttryggingartaka er til stofnast á váttryggingartímanum án tillits til þess hvenær það atvik varð sem krafan reis af.
- 5.2 Skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark að hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:
 - a. að þriðji maður gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur váttryggingartaka,

- b. að váttryggingartaka verður fyrst kunnugt um að þriðji maður hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni sem kann að verða rakið til gáleysis váttryggingartaka eða starfsmanns hans eða að bein hættta er á að slíkt tjón verði.
- 5.3 Váttryggingin tekur ekki til tjóns vegna skaðabótakröfu sem stofnast hefur gegn váttryggingartaka á váttryggingartímanum hafi krafan ekki verið tilkynnt félaginu í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok váttryggingarinnar. Þótt tjón teljist hafa orðið á váttryggingartímanum og það hafi verið tilkynnt félaginu innan þriggja mánaða eftir lok váttryggingarinnar tekur váttryggingin ekki til slíks tjóns nema váttryggingartaki hafi mótttekið skriflega skaðabótakröfu samkvæmt a. lið 2. mgr. og tilkynni það félaginu í síðasta lagi innan tveggja ára eftir lok váttryggingarinnar.
- 5.4 Skaðabótakröfu samkvæmt 2. mgr. sem rakin er til tjóns er verður hvort heldur skyndilega eða smám saman bætir félagið ekki hafi tjón komið í ljós að einhverju leyti eða öllu áður en váttryggingartíminn hófst.
- 6. gr. Ráðstafanir vegna tjóns og greiðsla bóta**
- 6.1 Jafnskjótt og váttryggingartaki fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.
- 6.2 Félagið er ekki bundið af því ef váttryggingartaki viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að váttryggingartaki geri aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann viðurkenndi réttmæti kröfunnar.
- 6.3 Félagið skal greiða skaðabætur beint til þriðja manns (tjónþola) nema hann hafi þegar fengið tjón sitt bætt hjá váttryggingartaka.
- 7. gr. Aukin áhætta**
- Verði breytingar á atvikum eða upplýsingum sem félaginu hefur verið skýrt frá í váttryggingarbeiðni eða á annan hátt skal váttryggingartaki tilkynna félaginu um þær. Vanræki váttryggingartaki tilkynningarskyldu sína og verði tjón af völdum hinnar breyttu áhættu lækkar ábyrgð félagsins að tiltölu miðað við þá iðgjaldshækkun sem félagið hefði áskilið sér vegna áhættubreytingarinnar.
- 8. gr. Varúðarreglur**
- 8.1 Váttryggingartaka og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004
- 8.2 Varúðarregla: Váttryggðir skulu vera í líkamlegu ástandi til þess að geta rækt störf sín örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja.
- 8.3 Váttryggður skal gæta þess að starfa ávallt í samræmi við lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012.
- 9. gr. Samsömum**
- Félaginu er heimilt að bera fyrir sig að starfsmenn váttryggingartaka eða váttryggðs hafi brotið gegn ákvæðum váttryggingarinnar skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 10. gr. Fyrning**
- 10.1 Kröfur sem falla undir váttryggingu þessa fyrnast samkvæmt reglum um fyrningu skaðabótaábyrgðar, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga.
- 10.2 Um fyrningu krafna eftir lok váttryggingarinnar fer eftir gr. 5.3.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2019